



Reykjavík, 17. ágúst 2015

Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá Landsbankanum hf. í lok árs 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá bankanum væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athugunin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði bankans, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl bankans þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í maí 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að starfsmaður hefði aðgang að starfssvæði sem hann ætti ekki að hafa skv. kröfum um aðskilnað starfssviða. Athugasemd var gerð þegar starfssvið voru ekki aðskilin með tilliti til hljóðbærni og glerveggir voru ekki huldur á fullnægjandi hátt. Fór Fjármálaeftirlitið fram á að filmur hyldu glerveggi frá 50 til 200 sentimetra frá gólfi mælt. Þá var gerð athugasemd við skort á reglubundinni rýni ferla og reglna bankans um aðskilnað starfssviða og að ekki hafi verið fjallað um hagfræðideild (greiningardeild) bankans í reglunum.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að aðgangsheimildir tiltekinnar starfsmanna að upplýsingakerfum bankans hefðu ekki verið í samræmi við kröfur um aðskilnað starfssviða. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við aðgengi tiltekinnar starfsmanna að sameiginlegum tölvudrífum annarra starfssviða en þeir tilheyrðu.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Landsbankinn hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmi úttekt á úrbótunum og skilaði Fjármálaeftirlitinu greinargerð í síðasta lagi 15. október 2015.